

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/431
komudagur 26.6.2009

Dómarafélag Íslands

Reykjavík, 25. júní 2009


Neiðasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi Efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 19. júní sl., var Dómarafélagi Íslands sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um kjararáð og fleiri lögum, mál nr. 114.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og gerir alvarlegar athugasemdir við 2. gr. þess þar sem lagt er til að við ákvörðun um laun skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra.

Með þessari breytingu er lagt til að þak verði sett á laun embættismanna, þar með talið dómara, þannig að þau geti ekki orðið hærrí en laun forsætisráðherra hverju sinni. Ákvörðun um laun forsætisráðherra, sem og annarra kjörinna fulltrúa, byggja ekki eingöngu á mati á umfangi þessara starfa heldur ráðast þau einnig af aðstæðum á vettvangi stjórn mála hverju sinni. Með öllu er líðandi að kjör dómara getið tekið breytingum til lækkunar á slíkum forsendum. Jafnframt verður með engu móti talið að þessi órökstudda tillaga fái samrýmst grundvallarreglu stjórn skipunar um sjálfstæði dómsvaldsins. Dómarafélagið leggst því eindregið gegn þessari tillögu.

Virðingarfyllt,
F.h. Dómarafélags Íslands


Eggert Óskarsson, formaður